



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

**SF** SAMTÖK  
FISKVINNSLUSTÖÐVA

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/2217*  
*komudagur 12.5.2010*

**Nefndarsvið Alþingis**  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010.

**Efni:** Frumvarp til laga um skeldýrarækt. Þskj. 911 – 522. mál.

Vísað er til tölvupósts Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis sem óskar eftir umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssamband fiskeldisstöðva um ofangreint mál.

Með samþykkt á þessu frumvarpi verða til sérstök lög um skeldýrarækt sem einnig gilda um kræklingarækt. Samkvæmt frumvarpinu er Matvælastofnun (Mast) ætlað að gefa út annars vegar tímabundin tilraunaleyfi og hins vegar ræktunarleyfi sem gildir í sjö ár. Tilraunaleyfi er veitt til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja leyfið eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár.

Áður en ræktunarleyfi er gefið út skal umsækjandi um slíkt leyfi láta framkvæma heilnæmiskönnun á því hafsvæði þar sem hann sækir um ræktunarleyfi. Slík könnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en umsækjandi um ræktunarleyfið greiðir kostnaðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr rikissjóði að hluta eða öllu leyti ef heimildir fást til þess í fjárlögum.

Eftirlit með skeldýrarækt er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum. Matvælastofnun annast eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir veitt leyfi og eftirlit og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar við leyfisveitingarnar og eftirlit með starfseminni. Vakni grunsemdir um að leyfishafi eða afurðir uppfylli ekki almennar og eðlilegar kröfur um meðferð og heilbrigði skeldýra skal stofnunin framkvæma viðbótareftirlit eða rannsóknir og skal leyfishafinn bera allan kostnað af slíku.

#### **Efnislegar athugasemdir LF og SF:**

7. og 9. gr. Tilrauna- og ræktunarleyfi. Æskilegast er að ein stofnun framkvæmi eftirlit og hafi yfirsýn með ræktun og eldi í sjó. Fiskistofa gefur út rekstrarleyfi fyrir fiskeldi, hefur eftirlit með starfseminni og safnar skýrslum um framleiðsluna. Kræklingaeldi og fiskeldi geta verið í sama firði og/eða svæði og skynsamlegt að ein stofnun, Fiskistofa fari með eftirlitið, ræktunarleyfi og hafi góða yfirsýn yfir ræktun og eldi í sjó. Ekki er nauðsyn að auka kostnað við eftirlit með því að fjölga eftirlitsstofnunum.

8. gr. Heilnæmiskönnun. Í frumvarpinu og skýringum kemur ekki fram, við hvað er átt með heilnæmiskönnun en fram kemur að leyfishafi beri kostnaðinn af henni. Á heimasíðu Mast eru upplýsingar um skelrækt og heilnæmiskönnun. Markmið heilnæmiskönnunar Mast er að kanna mengunaruppsprettur og flokka svæði efir áhættu og skilgreina eftirlit. Heilnæmiskönnun getur tekið allt að 12 mánuði liggi engin gögn fyrir. Slík könnun getur því verið kostnaðarsöm án þess að nokkuð það komi í ljós sem réttlætir þann kostnað.

Heilnæmiskönnun gæti flokkast sem grunnrannsókn á nýtingu svæðis og mikilvægt er að skelræktendur geti sótt um fjárhagsstuðning til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti.

15. gr. Ráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Mast að fengnum tillögum stofnunarinnar. Taka skal tillit til a. „*hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta*“ Orðalag fyrrihluti setningarinnar er óskiljanleg en seinni hlutinn sá þáttur sem ákvarðar tíðni og eftirlit. b. „*hagsmuni fyrirtækja með litla framleiðslu*“ Því er mótmælt harðiega ef skilja á ákvæðið á þann veg að mismuna eigi fyrirækjum eftir stærð.

16. gr. Greinin er óheppileg og kemur í veg fyrir að fjármagn berist til greinarinnar en einnig ber eigandinn minna úr bitum við sölu á fyrirtæki sínu við þessar aðstæður.

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva og  
Landssamband fiskeldisstöðva



Guðbergur Rúnarsson